



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Rúnar Dýrmundur Bjarnason  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. apríl 2006

Tilvísun: UST20060400012/bs

### Hringvegur um Hrútafjörð, Brú-Staðarskáli. Umsögn um matsskyldu

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. mars sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.


Hér er um að ræða vegagerð á 7,6 km löngum kafla. Um 3,1 km telst endurbygging núverandi vega en 4,5 km teljast nýlagning. Samfelld nýlagning er yfir undirlendi Hrútafjarðarbotns frá núverandi Djúpvegi norðan Selár að núverandi Hringvegi norðan Staðarskála.


Í botni Hrútafjarðar mun vegurinn liggja á áreyrum Hrútafjarðarár og Selár á svæði sem er vel gróð og hefur verið nýtt sem tún og beitiland enda ber gróðurfar merki þessarar landnotkunar.

Áætluð efnispörf er um 129.000 m<sup>3</sup> úr námum og skeringum, en skeringar verða að stærstum hluta í austanverðum Hrútafirði. Af þeim sex námum sem fyrirhugað er að nota eru fjórar opnar og ófrágengnar. Ráðgert er að ganga frá öllum námum að efnistöku lokinni að undanskilinni námunni Bláhæð á Holtavörðuheidi. Í kynningarskýrslu eru greinargóðar lýsingar á því hvernig fyrirhugað er að ganga frá námum og skeringum.

Umhverfisstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar vegagerðar felist fyrst og fremst í sjónrænum áhrifum vegna vegalagningar um Hrútafjarðarbotn og skeringa í austanverðum Hrútafirði. Ef staðið verður að framkvæmdum og frágangi með þeim hætti sem lýst er í kynningarskýrslu má draga verulega úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Þar sem vegurinn verður lagður yfir síki ætti að setja niður ræsi til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á votlendi. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að lagning Hringvegar um Hrútafjarðarbotn muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður